

Sp. 120. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Kjartan Jóhannsson, Ólafur G. Einarsson, Geir Gunnarsson, Jóhann Einvarðsson, Salome Porkelsdóttir, Pétur Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að láta nú þegar fara fram könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Leiði könnun til jákvæðrar niðurstöðu verði þegar unnið að því að koma upp aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Við könnun þessa verði haft samráð við samtök lækna, samtök psoriasis- og exem-sjúklinga svo og samtök annarra sjúklinga sem not gætu haft af slíkum böðum.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hafa fjölmargir psoriasis- og exemsjúklingar farið til lækninga erlendis. Fyrir þessa sjúklinga hefur oft reynst mikil lækning að breyta um loftslag og njóta sólar og sjávarbaða í hlýjum sjó.

Með breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 50 30. maí 1979, var samþykkt að greiða ferðastyrk til þeirra psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga er talið rétt að leiti sér heilsubótar með þessum hætti erlendis.

Fyrir skömmu birtist sú fregn að ungur maður haldinn psoriasissjúkdómi hefði fengið mikla bót á því að njóta baða í heitum jarðsjó við Svartsengi.

Hér er um að ræða athyglisverða tilraun sem gæti gjörbreytt möguleikum þessara sjúklinga til þess að fá einhverja bót meina sinna án þess að fara til annarra landa.

Vilja flutningsmenn þessarar tilögu vekja athygli á þessu máli og telja því rétt að beina áskorun til heilbrigðismálaráðuneytisins varðandi könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.